

Hver eru áhrif aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa?



-kynning á þróunarverkefni -

-Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi-

Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, náttúrustofa og Umhverfisstofnunar

21.03.2024

Margrét Björk Björnsdóttir

-fagstjóri-

Áfangastaða- & Markaðsstofu Vesturlands

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands

- Áfangastaða-og Markaðsstofa Vesturlands - Á&M - tilheyrir stoðþjónustu ferðamála á Vesturlandi
- Á&M er í eigu og rekin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi - SSV
- Á&M vinnur að verkefnum sem stuðla að og styðja við framþróun, gæði og aukinn ávinning af ferðamálum á Vesturlandi
- Á&M heldur einnig utan um opinbera kynningu og markaðsetningu á Áfangastaðnum Vesturlandi
- Á&M vinnur í nánú samstarfi við Áfangastaða- og Markaðsstofur annarra landshluta
- Á&M vinnur einnig mikið í samstarf við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og Markaðsstofur landshlutanna og aðra í stoðþjónustu ferðamála á Íslandi
- Starfsemi Á&M byggir á stefnumótun í Áfangastaðaáætlun Vesturlands – sem unnin er í opnu samráðsferli á öllu Vesturlandi - og sett fram markmið og áherslur varðandi uppbyggingu ferðamála og Áfangastaðinn Vesturland



Áfangastaðaáætlun Vesturlands


- ❖ Áfangastaðaáætlun er stefnumótandi áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á tilteknu landsvæði og skilgreindu tímabili.
- ❖ Áætlunin er gerð að frumkvæði stjórnvalda - en unnin af stoðþjónustu ferðamála á umræddu svæði - í virku samstarfi og opnu samráði við sveitarfélög, heimafólk og hagaðila.




- FERÐAÞJÓNUSTA BYGGIR Á SAMSPILI MARGRA ÞÁTTA -

Áfangastaðaáætlun Vesturlands - leiðarljós í allri verkefnavinnu

AUÐLINDIR




HAGAÐILAR




Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-

Samantekt Ferðamálastofu um fjölda skemmtiferðaskipa og skipafarþega – samantekt í janúar 2023

Mynd 1 - Komur skemmtiferðaskipa til sex stærstu hafna landsins (fjöldi skipa pr. höfn og heildarfjöldi 2017-19 og 2022-23 áætlun)



Mynd 2 - Fjöldi skráðra farþega til sex stærstu hafna landsins (þúsundir, 2017-19 og 2022-23 áætlun)



Fjöldi farþega til hafnar: Ferðamálastofa bendir á að ofan á súlunum á grafinu að ofan er lagðar saman komur farþega skemmtiferðaskipa í sex stærstu hafnir landsins. Eiginlegur fjöldi ferðamanna að baki þessum tölum er mun lægri þar sem hvert skip kemur að jafnaði við í fleiri en einni höfn í hverri ferð til landsins.

Heimild: <https://www.ferdamalastofa.is/is/rannsoknir/greiningar/skemmtiferdaskip-2023>

Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi

Þróunarverkefni;

stöðugreining - áherslur og vilji heimafólks varðandi þetta viðfangsefni

Samstarfsaðilar:

Grundarfjarðarbær

Snæfellsbær

Snæfellsjökulspjóðgarður

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands heldur utan um verkefnið



Markaðsstofa Vesturlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

Gera stöðugreiningu, stilla saman strengi og móta sameiginlega sýn til að hafa að leiðarljósi við móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi

MARKMIÐ VERKEFNIS



Móttaka Skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi - helstu vörður og vinnufundir í verkefninu:



Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-

28. MARS

Kl. 16:45-19:45

Kynningarfundur og
vinnusmiðja með hagaðilum
af öllu Snæfellsnesi

**Hvernig vill heimafólk taka á
móti skemmtiferðaskipum og
skipafarþegum?*

SVÓT - greining

staðsetning:

GRUNDARFJÖRÐUR

25. APRÍL

Kl. 16:45-19:45

Kynningarfundur og
vinnusmiðja með hagaðilum
af öllu Snæfellsnesi.

**Hver á að gera hvað varðandi
móttöku á skemmtiferðaskipum
og skipafarþegum?*

staðsetning:

STYKKISHÓLMUR

15.-17. MAÍ

90.mín.

**VINNUFUNDIR Á HVERJU
ÞJÓNUSTUSVÆÐI**

** Hvert vill heimafólk vísa
gestum?*

15. maí – kl. 17:00-18:30
SAMKOMUHÚSIÐ ARNARSTAPA

16. maí – kl. 13:30-15:00
SJÓMINJASAFNIÐ HELLISSANDI

16. maí – kl. 17:00-18:30
SÖGUMIÐSTÖÐIN GRUNDARFIRÐI

17. maí – kl. 17:00-18:30
AMTSBÓKASAFNIÐ STYKKISHÓLMI

30. MAÍ

kl. 16:30

OPINN FUNDUR

„áherslur heimafólks“

kynning á helstu niðurstöðum
úr verkefnavinnunni í vetur:

Móttaka skemmtiferðaskipa

og skipafarþega á

Snæfellsnesi

- umræður-

staðsetning:

AMTBÓKASAFNIÐ

STYKKISHÓLMI



Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-



**UM 5% AF ÍBÚAFJÖLDA SNÆFELLSNESS
TÓK ÞÁTT Í OPNUM VINNUFUNDUM**



1.fundur – OPNAR SPURNINGAR – ÁHERSLUR HEIMAMANNA

1. Ef þú mættir ráða, hvað vildirðu að við Snæfellingar gerðum til að tryggja að móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega sé og verði framúrskarandi?
2. Er eitthvað sem þú hefur áhyggjur af, varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi – hvað þá?



Greining og flokkun gagna af opnum fundum



INNVIÐIR / AÐSTAÐA	ÞOLMÖRK / ÖRYGGI	FERÐASKIPULAG / LEIÐSÖGN	SAMFÉLAG / SAMVINNA	ÞJÓNUSTA / UPPLIFUN	ARÐSEMI / SJÁLFBÆRNI
innviðir; aðstaða fyrir gesti, útivistarstígar, bílastæði, WC ofl.	þolmörk staða og samfélags / álag vegna fjölda / öryggismál ofl.	ferða- skipuleggjendur / fararstjórn - samtal/ samskipti/ samstarf	HEIMAFÓLK samtal / samstarf á SNÆFELLSNESI	gæði / framboð þjónusta á SNÆFELLSNESI	ábati / arðsemi samfélagsins / sjálfbærni svæðis



1.fundur – OPNAR SPURNINGAR – ÁHERSLUR HEIMAMANNA

Ef þú mættir ráða, hvað vildirðu að við Snæfellingar gerðum til að tryggja að móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega sé og verði framúrskarandi?

Er eitthvað sem þú hefur áhyggjur af, varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi – hvað þá?




1.fundur – SVÓT-greining – ÁHERSLUR HEIMAMANNA

- STYRKLEIKAR
- VEIKLEIKAR
- ÓGNANIR
- TÆKIFÆRI

Viðfangsefnið:

- Hver er vilji heimafólks varðandi gestamóttöku?
- SVÓT – greining



SVÓT – GREINING – innri greining

STYRKLEIKAR

VEIKLEIKAR



SVÓT – GREINING – ytri greining

ÓGNANIR

- **POLMÖRK** – náttúru og samfélags á mestu álagsstöðum/tímum
- **SAMSTARF** - skortur á samvinnu, skilningi, sátt og trausti milli þjónustuaðila og ferðaskipuleggjenda
- **INNVIÐIR** – skortur á innviður á mestu álagsstöðum
- **SAMTAL** – skortur á samtali, samráði og samvinnu heimafólks
- **STARFSEMI** – skortur á starfsfólki og húsnæði fyrir starfsfólk og starfsemi


TÆKIFÆRI

- **SAMTARF OG SAMVINNA** - innan svæðis og við utanaðkomandi þjónustuaðila
- **UPPBYGGING** – innviða á mestu álagsstöðunum
- **ÁNINGASTAÐIR** – þróa, skilgreina og kynna fleiri áningarstaði fyrir hópa
- **ÞORPIN** - kynna þéttbýliskjarnana betur sem áningarstaði fyrir hópa
- **AFÞREYING** – efla framboð á afþreyingu og dægradvöl – sveigjanlegri opnunartíma á þjónustu sem er og þróa nýja



2.fundur - opinn samráðsfundur

- STJÓRNSÝSLAN
- FYRIRTÆKIN
- GESTIRNIR
- SAMFÉLAGIÐ



Viðfangsefnið:

- Hver á að gera hvað?



Hvað vilja heimamenn að stjórnsýslan (ríki, sveitarfélögin og opinberir aðilar) geri og beri ábyrgð á - varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi?

- ❖ INNVIÐIR Á FJÖLFÖRNUM ÁNINGASTÖÐUM – göngustígar, útsýnispallar, salerni, bílastæði, skilti ofl.
- ❖ SAMGÖNGUR - sinni viðhaldi vega og vegapjónustu(moka/hálkuvarnir) þannig að vegirnir beri þá umferð sem fer um þá og séu öruggir fyrir notendur
- ❖ UPPLÝSINGAGJÖF OG SAMRÁÐ – stuðla að því að allir hafi aðgang að upplýsingum til að hægt sé að efla og bæta ferðapjónustu á svæðinu
- ❖ STÝRING, SKIPULAG – standi vörð um auðlindir - náttúru og mannlíf - fylgist með og stýri fjölda út frá þolmörkum og í samráði við íbúa
- ❖ ÖRYGGISMÁL - meti þarfir og áhættuþætti og geri viðeigandi áætlanir og skipulag samkvæmt því – t.d. varðandi viðbragðsaðila, heilsugæslu og lögreglu

Hvað vilja heimamenn að ferðapjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi geri og beri ábyrgð á - varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi?

- ❖ SAMSTARF VIÐ AÐRA ÞJÓNUSTUAÐILA - að fyrirtækin leggi meira upp úr virku samtali og samstarfi við aðra þjónustuaðila sem starfa á Snæfellsnesi
- ❖ STUÐLI AÐ SJÁLFBÆRNI SVÆÐISINS - að fyrirtækin nýti hráefni, vörur og þjónustu úr heimahéraði í sína vörupróun og leggi áherslu á að kynna það og hvetja sína viðskipaaðila til að nýta þjónustu og vörur frá Snæfellsnesi
- ❖ SÝNI ÁBYRGÐ Í VERKI - að fyrirtækin þekki til allra staðhátta og sérstöðu á sínu heimasvæði – séu til fyrirmyndar í sinni starfsemi og leiðbeini viðskiptavinum og gestum varðandi upplifun, umhverfi, umgengni, öryggismál og gæði
- ❖ ÁHERSLA Á AUKNA ÞJÓNUSTU OG GÆÐI - að fyrirtækin auki og efli vöru- og þjónustuframboð með samstarfi og sveigjanlegum opnunartíma sem tekur mið af eftirspurn og leggur áherslu á að tryggja að alltaf sé þjónusta á viðkomandi svæði – og hafi virka og aðgengilega upplýsingagjöf varðandi það



Hvað vilja heimamenn að fyrirtæki, ferðaskipuleggjendur og fararstjórar sem skipuleggja og fara með hópa um Snæfellsnes geri og beri ábyrgð á - varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi?

- ❖ SAMSTARF VIÐ ÞJÓNUSTUAÐILA - að ferðaskipuleggjendur og fararstjórar leggi meiri áherslu á samstarf og viðskipti við þjónustuaðila á Snæfellsnesi – bóki fyrirfram heimsóknir og þjónustu - og miðli tímanlega upplýsingum um ferðir sínar og stærð hóps til þjónustuaðila
- ❖ VIRÐING FYRIR SVÆÐINU - að ferðaskipuleggjendur og fararstjórar þekki vel til allra staðhátta á því svæði sem þau ferðast um með fólk – miðli viðeigandi upplýsingum til sinna gesta varðandi; umhverfi, upplifun, öryggi, umgengni og virðingu fyrir svæðinu – bæði náttúru og samfélagi
- ❖ STUÐLI AÐ SJÁLFBÆRNI - að ferðaskipuleggjendur og fararstjórar séu í góðu sambandi við þjónustuaðila, afli sér upplýsinga um hvað er í boði og nýti þjónustu og vörur sem eru til staðar á svæðinu og hvetji sína gesti til að eiga viðskipti við heimafólk og ganga vel um svæðið
- ❖ SÝNI ÁBYRGÐ Í VERKI - að ferðaskipuleggjendur og fararstjórar þekki til og kunni að meta aðstæður hverju sinni og velja örugga áningarstaði þar sem búið er að byggja upp aðgengi og aðstæður sem stuðla að öryggi og náttúruvernd - en fari ekki með farþega á staði sem hafa ekki verið kynntir sem áningarstaðir eða í aðstæður sem fararstjórar, bílstjórar eða ferðafólk ræður ekki við



Hvað vilja heimamenn að ferðafólk og gestir sem heimsækja Snæfellsnes geri og beri ábyrgð á - varðandi komu sína og heimsókn á Snæfellsnes?

- ❖ ÞEKING OG SKILNINGUR – að gestir afli sér upplýsinga um svæðið – sérstöðu, þjónustu, aðstæður, menningu og væntingar heimafólks
- ❖ TILLITSEMI OG VIRÐING – að gestir beri virðingu fyrir náttúru, umhverfi, menningu og mannlífi á staðnum
- ❖ ÁBYRGÐ OG UMHYGGJA – að gestir skilja alltaf við staði í sama eða betra ástandi en þau komu að honum
- ❖ STUÐLI AÐ SJÁLFBÆRNI – að gestir eigi viðskipti og nýti upplifun, verslun, vörur, þjónustu og upplýsingagjöf frá heimafólki á því ferðasvæði sem þau ferðast um



Hvað vilja heimamenn að samfélagið (íbúar og starfsfólk) sem lifa og starfa á Snæfellsnesi – geri og beri ábyrgð á varðandi móttöku skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi?

- ❖ GESTRISNI – að taka virkan þátt í gestamóttöku og vera virk í samtalinu
- ❖ VELVILD - gefa leiðbeinandi og réttar upplýsingar – stuðla að ánægju og jákvæðri upplifun viðskiptavina og gesta
- ❖ STOLT - séu stoltir fulltrúar svæðis - umhverfis og mannlífs
- ❖ VIRÐING - bera virðingu fyrir umhverfinu og fólki almennt – gangi vel um svæðið sitt – viðhaldi mannvirkjum og hafi allt snyrtilegt og fallett
- ❖ ÁBYRGÐ - gangi á undan með góðu fordæmi - séu samstíga að leiðbeina um rétta hegðun í orði og verki



HELSTU ÁHERSLUR HEIMAFÓLKS



Auka upplýsingagjöf varðandi komur skemmtiferðaskipa – ferdatilhögun, fjölda og væntingar gesta

Taka á ýmsum innviðamálum og efla þjónustu á svæðinu

Fjölga áningarstöðum skipagesta á Snæfellsnesi til að dreifa álaginu og efla þorpín sem áfangastaði

Hvetja ferðaskipuleggjendur og skipsgesti til að eiga viðskipti við heimamenn á Snæfellsnesi – til að stuðla að sjálfbærum áfangastöðum


Tryggja samtal, samráð og samvinnu milli ferðaskipuleggjenda og heimamanna á Snæfellsnesi

Efla heimafólk til að nýta þau tækifæri sem móttaka skemmtiferðaskipa og skipsgesta býður upp á á Snæfellsnesi

Komur skemmtiferðaskipa sumarið 2023


92 FARÞEGASKIP KOMU Í HÖFN Á SNÆFELLSNESI

Grundarfjörður



64 skip - 56.659 skráður hámarksfjöldi farþega

Stykkishólmur



24 skip - 8.046 skráður hámarksfjöldi farþega

Arnarstapi



4 skip - 699 skráður hámarksfjöldi farþega



SNÆFELLSNES

FJÖLDI ÍBÚA: 3.975

Dreifbýlið á norðanverðu Snæfellsnesi

íbúar: 125

Stykkishólmur

íbúar: 1239

Ólafsvík

íbúar: 991

Hellissandur & Rif

íbúar: 518

Grundarfjörður

íbúar: 816

Snæfellsjökulsþjóðgarður

íbúar: 0

Dreifbýlið á sunnanverðu Snæfellsnesi

íbúar: 235

Arnarstapi & Hellnar

íbúar: 33



HVERT FARA FARÞEGARNIR Í LANDI?



Snæfellsjökulspjóðgarður skiptir mjög miklu máli varðandi móttöku skipafarþega á Snæfellsnesi

SNÆFELLSJÖKULS- ÞJÓÐGARÐUR

- Uppbygging innviða
- Landvarsla og leiðsögn
- Fræðsla og þjónusta
- Þjóðgarðsmiðstöðin Hellissandi
- Gestastofan Malarrífi




SNÆFELLSJÖKULS
ÞJÓÐGARÐUR

Tekjur lykilaðila af þjónustu við skemmtiferðaskip 2023 – greining Ferðamálastofu

Tekjur lykilaðila 2023

Til viðbótar koma:
- Skattar og gjöld hins opinbera
- Tekjur minni aðila í og við komuhafnir um landið



Forsendur heildartalna fyrir útgjöld farþega innanlands 2023

- Meðalútgjöld á mann í RVK + HF skv. könnun RMF
- Meðalútgjöld á mann í öðrum höfnum helmingur af því
- Meðalfjöldi komuhafna í ferð utan RVK + HF = 3
- Tölur lækkaðar sem nemur VSK

Eigin útgjöld farþega í landi (ma.kr.)	Samtals	RVK	Landsbyggð
Heildarútgjöld	19,5	13,5	6,0
Gisting	3,4	3,4	-
Veitingar	2,2	1,8	0,4
Afþreying	9,8	5,4	4,4
Samgöngur	1,3	1,1	0,2
Menning	0,5	0,3	0,1
Minjagripir	1,1	0,7	0,4
Verslun	1,1	0,7	0,4
Annað	0,2	0,1	0,1

Heimild:
<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2023/des/johann.pdf>



Til umhugsunar...



VESTURLAND.IS
WESTICELAND.IS

Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-

Þar sem ferðapjónustan er þverfagleg atvinnugrein verður að leggja enn meiri áherslu á samráð, samhæfingu og skilvirkni þvert á stjórnsýslu, ásamt aukinni samvinnu hagaðila og samtali við samfélagið – til að leggja áherslu á sátt, jákvæða upplifun og ábata allra aðila sem málið varðar...

Í ferðapjónustu felast bæði margvísleg tækifæri en á sama tíma stórar áskoranir – því verður að vanda sig og standa vörð um jafnvægi og sjálfbærni og ábyrga hegðun allra aðila – gæta vel að auðlindunum okkar - náttúrunni, minjum, menningu, samfélagsgerð, upplifun og lífsgæðum allra aðila...

Gæði ferðarþjónustu byggja á
góðri heimavinnu, virku
samtali

Allir þurfa að
þekkja sitt
hlutverk og
standa sína plikt

Gagnkvæm virðing og trausti
gerir gæfumuninn



Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-



TAKK FYRIR



VESTURLAND.IS
WESTICELAND.IS

Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-